

**EBITDA framlegð rúmlega tvöfaldast milli ára
Tap 1.078 milljónir króna (11,4 milljónir evra) á árinu
Gjaldfærður umbreytingakostnaður á árinu um 1.885
milljónir króna (20 milljónir evra)**

Fjórði ársfjórðungur

- Vörusala 33,8 milljarðar króna (358,3 milljónir evra). 18,5% aukning frá fyrra ári.
- EBITDA fjórðungsins er 187 milljónir króna (2,0 milljónir evra)
- Kostnaður vegna lokunar verksmiðu í USA gjaldfærður á fjórðungnum 1.198 milljónir króna (12,7 milljónir evra)
- Aukinn kostnaður við sameiningu Icelandic Germany og Pickenpack H&H var 198 milljónir króna (2,1 milljón evra)
- EBIT fjórðungsins er 1.372 milljónir króna (14,5 milljón evra)
- Tap 1.366 milljónir króna (14,7 milljónir evra)

Árið 2006

- Vörusala 138,8 milljarðar króna (1.471,3 milljónir evra)
- Vöxtur í tekjum nam 22,6% sem er nánast allur tilkominn vegna ytri vaxtar.
- EBITDA ársins er 3,5 milljarðar króna (36,9 milljónir evra)
- Rekstrarhagnaður fyrir vexti og skatta (EBIT) 516 milljónir króna (5,5 milljón evra)
- Tap 1.078 milljónir króna (11,4 milljónir evra)
- Handbært fé til rekstrar fyrir skatta og vexti nam 1,6 milljarði króna (17,4 milljónum evra)
- Heildareignir 85,6 milljarðar króna (906,8 milljónir evra) – eiginfjárhlutfall 19,4%
- Arðsemi eigin fjár var neikvæð um 5,7%
- Kostnaður við endurskipulagningu hjá Coldwater Seafood UK var 150 milljónir króna (1,6 milljónir evra)

- **Kostnaður við endurskipulagningu hjá Icelandic France var 264 milljónir króna (2,8 milljónir evra)**
- **Gjaldfærður umbreytingakostnaður á árinu um 1.885 milljónir króna (20 milljónir evra).**

Björgólfur Jóhannsson forstjóri Icelandic Group: “Við höfum verið að laga til margar rekstrareiningar á árinu sem ekki hafa verið að skila ásættanlegum árangri. Kostnaður við þær aðgerðir er verulegur og nemur samtals um 20 milljónum evra. Stærsti liðurinn þar er gjaldfærsla í Icelandic USA sem er alls um 12,7 milljónir evra. Þá hefur verið gjaldfærður allur kostnaður við lokun verksmiðju félagsins í Cambridge sem verður lokað á árinu 2007. Endurskipulagning í Coldwater Seafood UK hefur tekið lengri tíma en áætlað var eins og við höfum bent á áður. Flutningur á framleiðslu þaðan til Frakklands hefur einnig tekið lengri tíma en áætlað var en honum verður lokið á fyrri hluta ársins 2007. Það er mat stjórnenda að félagið sé nú vel í stakk búið til að sýna góðan árangur á árinu 2007. Mörg félög innan samstæðunnar skiluðu ágætum árangri á árinu 2006 svo sem Icelandic Iberica, Jeka Fish, Icelandic Asia, Seachill, Icelandic UK, Icelandic Norway og Fiskval.

Hráefnisverð var hækkandi allt árið og hefur það lækkað framlegð framleiðslufyrirtækja samstæðunnar.

Veruleg breyting hefur orðið á rekstri Icelandic France eftir að nýr framkvæmdastjóri tók við félaginu um mitt árið. Birgðastaðan hefur lækkað um ríflega helming úr um 23 milljónum evra um miðjan ágúst mánuð niður í tæplega 11 milljónir evra í lok ársins. Ákvörðun hefur verið tekin um að færa alla starfsemi félagsins til Parísar og loka tveimur skrifstofum og hefur annarri þeirra þegar verið lokað. Kostnaður vegna þessarra aðgerða hefur verið gjaldfærður á árinu 2006 samhliða niðurfærslu birgða og uppsagnakostnaður fyrrum framkvæmdastjóra samtals um 2,8 milljónir evra.

Lagt hefur verið í mikla vinnu við að færa verksmiðjur Coldwater Seafood UK úr framleiðslu á frystum afurðum yfir í framleiðslu á kældum og tilbúnum réttum og hefur verið gjaldfærður kostnaður á árinu að fjárhæð 1,6 milljónir evra vegna þessa. Stjórnendur félagsins binda miklar vonir við þessa breytingu og vænta þess að breytingin mun byrja að skila sér strax á fyrri helmingi ársins.

Hjá Icelandic USA er unnið eftir áætlun sem miðar að því að félagið skili ásættanlegri arðsemi á árinu 2007 og var lokahnykkurinn í þeirri áætlun kynntur í desember s.l. þegar tilkynnt var að verksmiðju Icelandic USA í Cambridge, Maryland yrði lokað á árinu 2007. Allur kostnaður vegna lokunarinnar er færður á árinu 2006, þar á meðal er virðisrýrnun á fastafjármunum að fjárhæð 9,5 milljónir evra og áætlaður kostnaður vegna starfslokasamninga að fjárhæð 3,2 evra.

Afkoma Pickenpack H&H í árinu veldur vonbrigðum og er verulega undir áætlunum.

Í tilkynningu með níu mánaða uppgjöri kom fram að fjórði ársfjórðungur væri mikilvægur í afkomu félagsins. Reiknað var með að salan yrði 400 milljónir evra og að EBITDA hlutfall yrði 4,5%. Sala á fjórðungnum var 40 milljónum evra undir áætlunum og EBITDA hlutfall nokkuð langt frá áætlunum. Lokunarkostnaður, lengri tími í breytingarferli en áætlað var og minni viðsnúningur í framleiðslufyrirtækjum en áætlað var skýrir þennan mun.”

Ársfjórðungayfirlit - lykiltölur
Fjárhæðir í þúsundum evra

	4F 2006	3F 2006	2F 2006	1F 2006	4F 2005
Vörusala.....	358.312	367.896	362.901	382.207	302.414
Kostnaðarverð seldra vara.....	(326.274)	(323.954)	(325.845)	(340.533)	(272.587)
Framlegð.....	32.038	43.942	37.056	41.674	29.827
Aðrar rekstrartekjur.....	2.370	3.196	3.610	1.411	1.349
Annar rekstrarkostnaður.....	(48.699)	(40.148)	(34.603)	(37.083)	(40.645)
Áhrif hlutdeildarfélaga.....	(184)	748	136	-	156
(Rekstrartap) -hagnaður.....	(14.475)	7.738	6.199	6.002	(9.313)
Hrein fjármagnsgjöld.....	(7.147)	(7.423)	(5.562)	(3.873)	(9.461)
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt.....	(21.622)	315	637	2.129	(18.774)
Tekjuskattur.....	6.947	638	648	(1.115)	3.961
(Tap) hagnaður.....	(14.675)	953	1.285	1.014	(14.813)
EBITDA.....	1.986	13.572	10.939	10.449	(2.764)
EBITDA hlutfall.....	0,6%	3,7%	3,0%	2,7%	(1,1%)

Efnahagsreikningur samstæðunnar- lykiltölur
Fjárhæðir í þúsundum evra

	31.12.2006	31.12.2005	Breyting %
Fastafjármunir	407.282	275.231	48,0%
Veltufjármunir.....	499.468	415.184	20,3%
Eignir Samtals.....	906.750	690.415	31,3%
Eigið fé.....	176.241	116.741	51,0%
Langtímaskuldir	228.182	142.837	59,7%
Skammtímaskuldir.....	502.327	430.837	16,6%
Eigið fé og skuldir alls.....	906.750	690.454	31,3%

Sjóðstreymi - lykiltölur
Fjárhæðir í þúsundum evra

	2006	2006	Breyting
Handbært fé (til) frá rekstri án vaxta og skatta.....	(14.740)	40.620	-136%
Handbært fé (til) frá rekstri.....	(42.833)	18.519	-331%
Fjárfestingarhreyfingar.....	(12.567)	(22.061)	-43%
Fjármögnunarhreyfingar.....	48.194	14.455	233%
Breyting handbærs fjár.....	(7.206)	10.913	-166%

Reikningsskilaaðferðir

Beitt er sömu reikningsskilaaðferðum við gerð þessa ársreiknings og beitt var við gerð ársreiknings 2005 að öðru leyti en því að Icelandic Group gerir reikningsskil sín nú í evrum. Allar fjárhæðir í fréttatilkynningunni eru þýddar yfir í íslenskar krónur miðað við gengi í lok árs 2006 (94,35 ISK/EUR).

Rekstrarreikningur fjórða ársfjórðungs og fyrir árið 2006

Rekstrarreikningur samstæðunnar	Fjárhæðir í þúsundum evra			
	4.F 2006	2005	Árið 2006	2005
Vörusala.....	358.312	302.414	1.471.316	1.200.257
Kostnaðarverð seldra vara.....	(326.274)	(272.587)	(1.316.606)	(1.084.702)
Framlegð.....	32.038	29.827	154.710	115.555
Aðrar rekstrartekjur.....	2.370	1.349	10.587	4.761
Annar rekstrarkostnaður.....	(48.699)	(40.645)	(160.533)	(118.057)
Áhrif hlutdeildarféлага.....	(184)	156	700	154
Rekstrarhagnaður.....	(14.475)	(9.313)	5.464	2.413
Fjármagnsgjöld.....	(7.147)	(9.461)	(24.005)	(21.740)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt.....	(21.622)	(18.774)	(18.541)	(19.327)
Tekjuskattur.....	6.947	3.961	7.118	4.235
Hagnaður (tap).....	(14.675)	(14.813)	(11.423)	(15.092)
EBITDA.....	1.986	(2.764)	36.946	16.222
EBITDA hlutfall.....	0,6%	-0,9%	2,5%	1,4%
Tap á hlut	(0,0051)	(0,0069)	(0,0040)	(0,0075)

Vörusala fjórðungsins nam 33,8 milljörðum króna (358,3 milljónir evra) samanborið við 28,5 milljarða króna (302,4 milljónir evra) árið áður. Aukningin nemur 18,5% sem að mestu er ytri vöxtur. Rekstrartekjur ársins námu 138,8 milljörðum króna (1.471,3 milljónum evra) samanborið við 113,2 milljarða króna (1.200,3 milljónir evra) á síðasta ári. EBITDA á fjórða ársfjórðungi nam 187 milljónum króna (2,0 milljónum evra) samanborið við rekstrartap á fjórða ársfjórðungi 2005 að fjárhæð 261 milljón króna (2,8 milljónum evra). Á árinu nam EBITDA 3.486 milljón króna (36,9 milljónum evra). Á árinu 2005 nam sambærileg fjárhæð 1.530 milljónum króna (16,2 milljón evra). EBIT á fjórða ársfjórðungi nam 1.366 milljónum króna (14,5 milljónum evra) samanborið við tap að fjárhæð 879 milljónir króna (9,3 milljónir evra) árið áður. EBIT ársins nam 516 milljónum króna (5,5 milljónum evra) samanborið við 228 milljónir króna (2,4 milljónir evra) á árinu 2005.

Sala samstæðunnar á fjórða ársfjórðungi er nokkuð undir áætlunum sem má að rekja að hluta til sölusamninga hjá Coldwater Seafood UK og Icelandic USA, sem reiknað var með að myndu klárast í desember, voru ekki kláraðir fyrr en í janúar á þessu ári. Einnig var sala almennt undir áætlunum hjá Pickenpack H&H, Coldwater Seafood UK og Icelandic USA. Hráfnisverð hélt

áfram að hækka á fjórða ársfjórðungi sem hafði áfram neikvæð áhrif á framlegð framleiðslufyrirtækja samstæðunnar en unnið hefur verið að því að koma hráefnishækkuninum út í verðlagið á afurðum verksmiðjanna. Í september tók Icelandic Group yfir verksmiðju Delpierre í Frakklandi. Samkvæmt kaupsamningi nemur neikvæð viðskiptavild 169 milljónum króna (1,8 milljón Evra) þegar tekið hefur verið tillit til raunverðs fastafjármuna. Í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla er sú fjárhæð tekjufærð á árinu meðal annarra tekna.

Áhrif hlutdeildarféлага eru neikvæð á fjórða ársfjórðungi um 17 milljónir króna (0,2 milljónir evra) en jákvæð fyrir allt árið um 66 milljónir króna (0,7 milljónir evra).

Hrein fjármagnsgjöld í fjórðungnum námu 674 milljónum króna (7,1 milljónum evra) samanborið við 893 milljónir króna (9,5 milljónir evra) á sama tímabili ársins 2005. Gengishagnaður er 147 milljónir (1,6 milljónir evra) í fjórðungnum en nam 553 milljónum króna (5,9 milljónum evra) á árinu. Fjármagnsgjöld ársins námu 2.265 milljónum kr. (24,0 milljónum evra) en þau námu 2.051 milljónum króna (21,7 milljónum evra) á sama tímabili síðasta árs.

Á fjórða ársfjórðungi er tekjufærður tekjuskattur í rekstrarreikningi að fjárhæð 655 milljónir króna (6,9 milljónir evra) og 672 milljónir króna (7,1 milljónir evra) á árinu. Tap fjórða ársfjórðungs nam 1.385 milljónum króna (14,6 milljónum evra) samanborið við 1.398 milljóna króna tapi (14,8 milljónir evra) á sama tímabili árið áður. Tap samstæðunnar á árinu nam 1.077 milljónum króna (11,4 milljónir evra) en árið 2005 var tap að fjárhæð 1.424 milljónum króna (15,1 milljónum evra).

Sjóðstreymi

Handbært fé til rekstrar fyrir greiðslu skatta og vaxta nam 1,4 milljarði króna (14,7 milljónum evra) samanborið við handbært fé frá rekstri að fjárhæð við 3,8 milljarðar króna (40,3 milljónir evra) árið áður. Að teknu tilliti til greiðslu vaxta og tekjuskatts nam handbært fé til rekstrar 4,0 milljörðum króna (42,8 milljónir evra) en árið áður nam handbært fé frá rekstri 1,7 milljörðum króna (18,5 milljónum evra). Hreinar fjárfestingar námu 1,2 milljörðum króna (12,6 milljónir evra) samanborið við 2,1 milljarð (22,1 milljónir evra) árið áður. Fjármögnunarhreyfingar námu 4,5 milljörðum króna (48,2 milljónir evra) en árið áður nam fjárhæðin 1,364 milljónum króna (14,5 milljónum evra). Handbært fé í lok ársins nam 2,0 milljörðum króna (21,2 milljónum evra).

Efnahagsreikningur

Heildareignir Icelandic Group í árslok námu 85,6 milljörðum króna (906,8 milljónum evra) samanborið við 65,1 milljarð (690,4 milljónir evra) króna í lok árs 2005. Helsta ástæðan fyrir stækkun efnahagsreikningsins eru kaup á félögum.

Fastafjármunir námu 38,4 milljörðum króna (407,3 milljónum evra) í árslok samanborið við 26,0 milljarða króna (275,2 milljónum evra) í árslok 2005. Óefnislegar eignir námu 24,2 milljörðum króna (256,1 milljónir evra). Samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) skal minnst árlega framkvæma virðisrýrnunarpróf á óefnislegum eignum og fór slíkt mat fram við gerð ársreiknings 2006. Við birtingu á 9 mánaða uppgjöri félagsins kom fram að rekstur Coldwater Seafood UK í Bretlandi hefði gengið illa á árinu 2006 og verr en áætlanir stjórnenda gerðu ráð fyrir. Eignfærð viðskiptavild sem tengist Coldwater Seafood UK nemur 946 milljónum króna (10,0 milljónum evra). Kaup Icelandic Group á frystisviði Delpierre í Frakklandi er liður í því að bæta afkomu frystieininga Icelandic í Evrópu, ekki síst Coldwater Seafood UK. Framleiðsla á frystum afurðum hjá Coldwater Seafood UK mun flytjast yfir til Frakklands og eftir þá tilfærslu mun starfsemi Coldwater Seafood eingöngu snúast um framleiðslu kældra og tilbúinna rétta. Ekki kemur til virðisrýrnunar hjá Coldwater Seafood né öðrum félögum innan samstæðunnar eftir að framkvæmt var virðisrýrnunarpróf á þeim samhliða ársuppgjörinu.

Veltufjármunir námu 47,1 milljarði króna (499,5 milljónum evra) þar af eru birgðir 28,2 milljarðar króna (299,2 milljónir evra). Heildarskuldir í lok ársins námu 68,9 milljörðum króna (730,6 milljón evra) samanborið við 54,1 milljarð (573,7 milljónir evra) í árslok 2005. Vaxtaberandi skuldir námu 53,0 milljörðum króna (562,2 milljón evra) á móti 41,0 milljörðum króna (434,1 milljón evra) í árslok 2005.

Eigið fé í lok ársins nam 16,6 milljörðum króna (176,2 milljónum evra). Eiginfjárhlutfall er 19,4% samanborið við 16,9% í ársbyrjun. Aukning eigin fjár stafar af því að helstu fyrirtækjakaup ársins hafa verið fjármögnuð með nýju eigin fé.

Atburðir á fjórða ársfjórðungi 2006

Lokun á verksmiðju Icelandic® USA, Inc í Cambridge, Maryland

Icelandic® USA, Inc, dótturfélag Icelandic Group hf., ætlar að loka verksmiðju sinni í Cambridge, Maryland fyrir lok árs 2007. Ákvörðunin er tekin í ljósi þess að félagið getur sinnt allri framleiðslu og dreifingu fyrirtækisins í verksmiðju sinni í Newport News, Virginia og í nýlegri dreifingarmiðstöð sem einnig er staðsett í Newport News. Lokunin á Cambridge verksmiðjunni mun hefur í för með sér virðisrýrnun að fjárhæð um 0,9 milljarða króna (EUR 9,5 milljónir) sem var gjaldfærð á fjórða ársfjórðungi 2006. Til viðbótar eru gjaldfærðir um 0,3 milljarðar (EUR 3,2 milljónir) vegna endurskipulagningarkostnaður á sama ársfjórðungi. Lokunin mun skila sér í verulegri lækkun á kostnaði. Áætluð árleg aukning á EBITDA er um 1,0 milljarður króna (EUR 11 milljónir) sem mun koma inn í bækur félagsins að fullu á árinu 2008.

Framkvæmdastjóri fjármála lætur af störfum

Bogi Nils Bogason lét af störfum sem framkvæmdastjóri fjármála hjá félaginu um miðjan desember. Bogi hafði gegnt starfinu frá því í júní 2004.

Stjórnarformannsskipti

Í ljósi breytinga á eignaraðild að Icelandic Group, óskaði stjórnarformaður félagsins, Gunnlaugur S. Gunnlaugsson, eftir því á fundi stjórnar félagsins í nóvember að láta af því embætti. Hann mun áfram eiga sæti í stjórn félagsins. Nýr formaður var kjörinn Magnús Þorsteinsson, sem setið hefur í stjórn félagsins frá því í október 2005.

Framkvæmdastjóri hjá Pickenpack H&H lætur af störfum

Í nóvember lét Dr. Norbert Engberg af störfum sem framkvæmdastjóri hjá Pickenpack H&H. Dr. Engberg starfaði hjá félaginu frá maí mánuði 2006.

Starfssvæði Icelandic Group

Bretland

Sala Icelandic Group í Bretlandi á fjórða ársfjórðungi 2006 nam 10,1 milljarði króna (107,4 milljónum evra) og 42,1 milljarði króna (446,3 milljónum evra) á öllu árinu 2006 sem er um 6,5% aukning frá fyrra ári. Sala Seachill jókst á árinu, sem er að mestu leyti til Tesco, um 23% miðað við 2005. Sala Coldwater Seafood UK jókst um 3,1% frá árinu 2005. Vegna hás

hráefnisverðs er framlegð talsvert lægri en á árinu 2005. Afkoma Seachill og markaðsfyrirtækisins Icelandic UK var yfir áætlunum á árinu en afkoma Coldwater Seafood UK var mun verri en áætlanir gáfu til kynna. Verri afkoma Coldwater Seafood UK skýrist fyrst og fremst af lægri álagningu en gert hafði verið ráð fyrir, vegna hás hráefnisverðs, ásamt því að talsverður kostnaður var gjaldfærður á árinu vegna endurskipulagningar á rekstri félagsins úr framleiðslu á frosnum afurðum yfir í framleiðslu á kældum og tilbúnum réttum.

Bandaríkin

Sala Icelandic USA samstæðunnar á fjórða ársfjórðungi nam 8,5 milljörðum króna (90,0 milljónum evra) og um 32,4 milljörðum króna (343,1 milljón evra) á árinu sem er 8% vöxtur frá fyrra ári. Afkoma af reglulegum rekstri Icelandic USA var talsvert undir áætlunum á fjórða ársfjórðungi ásamt því að bókfærð var virðisrýrnun að upphæð 0,9 milljarðar króna (9,5 milljónir evra) og gjaldfærðir starfslokasamningar að upphæð 0,3 milljarðar (3,2 milljónir evra) vegna lokunar á verksmiðju félagsins í Cambridge, Maryland. Rekstur Icelandic USA hefur ekki skilað ásættanlegri arðsemi á undanförunum misserum og er lokun verksmiðjunnar í Cambridge, Maryland liður í því að endurskipuleggja starfsemina þannig að hún skili ásættanlegri afkomu.

Asía

Velta ársins hjá Icelandic Asía, áður Sjóvík, var 15,1 milljarður króna (160,5 milljónir evra) að meðtalinni sölu til samstæðufyrirtækja. Starfsemin gekk vel á fjórða ársfjórðungi og er afkoman í samræmi við áætlanir.

Sala Icelandic Japan nam 10,8 milljörðum króna (114,6 milljónum evra) á árinu sem er um 5% aukning miðað við árið 2005. Afkoma starfseminnar er undir áætlunum á árinu.

Þýskaland

Velta Pickenpack H&H á árinu jókst um 26% miðað við fyrra ár og er 21,8 milljarðar króna (230,7 milljónir evra). Í rekstrartölum Pickenpack H&H er meðtalinn rekstur Icelandic Germany en félögin voru sameinuð á árinu. Rekstrarafkoma Pickenpack H&H á árinu er talsvert lakari en áætlanir stjórnenda gerðu ráð fyrir. Ástæður eru fyrst og fremst dræm sala vegna mikilla hita í júlí og ágúst ásamt því að hráefnisverð var hækkandi allt árið sem skilar sér með seinkun út í verðlagið.

Spánn

Rekstur Icelandic Iberica á Spáni gekk vel á árinu og var afkoman í samræmi við áætlanir. Sala félagsins nam 8,7 milljörðum króna (91,7 milljónum evra). Vöxtur milli ára nam 6% þar af var innri vöxtur 2%.

Frakkland

Velta Icelandic France á árinu nam 6,3 milljörðum króna (67,1 milljón evra) og dróst veltan saman um 9% frá fyrra ári. Eins og komið hefur fram í fyrri tilkynningum á árinu var afkoma félagsins mjög slæm á fyrstu sex mánuðum ársins. Þær aðgerðir sem gripið hefur verið til í þeim tilgangi að bæta afkomu félagsins eru farnar að skila sér í bættri afkomu ásamt því að birgðir félagsins hafa lækkað úr 23 milljón evra um mitt árið niður í 11 milljónir evra í lok árs. Þessi viðsnúningur hefur kostað sitt og eru gjaldfærðar 264 milljónir (2,8 milljónir evra) á árinu vegna niðurfærslu birgða og starfslokasamninga.

Í byrjun september tók Pickenpack Gelmer S.A.S við rekstri frystisviðs Delpierre og er reksturinn meðtalinn frá yfirtökudegi. Velta tímabilsins september til desember nam 1,7 milljörðum króna (17,9 milljónum evra).

Danmörk

Icelandic Scandinavia og dótturfélag þess Jeka Fish kom inn í samstæðuna frá 1. apríl 2006. Rekstur félagsins er nokkuð árstíðabundinn þar sem fyrsti og síðasti ársfjórðungur eru þeir veltumestu. Verksmiðja félagsins er ávallt lokuð vegna sumarleyfa stærstan hluta júlímánaðar. Velta samstæðunnar í Danmörku nam 3,2 milljörðum króna (33,8 milljónum evra) á tímabilinu apríl til desember og var rekstrarafkoma yfir áætlunum.

Samþykkt reikninga

Stjórn Icelandic Group hf. samþykkti ársreikning 2006 á stjórnarfundum 1. mars 2007. Ársreikningurinn er endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila.

Föstudaginn 2. mars verður haldinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila. Fundurinn fer fram í húsnæði félagsins að Borgartúni 27 Reykjavík og hefst kl. 16:30. Á fundinum munu stjórnendur félagsins kynna uppgjörið. Hægt verður að nálgast kynninguna á vefsvæði félagsins www.icelandic.is að fundi loknum.

Birtingaráætlun 2007

Fyrsti ársfjórðungur 2007	Vika 21	20 – 26. maí 2007
Annar ársfjórðungur 2007	Vika 33	12 – 18. ágúst 2007
Þriðji ársfjórðungur 2007	Vika 46	11 – 17. nóvember 2007
Ársuppgjör 2007	Vika 10	2 – 8. mars 2008

Nánari upplýsingar veitir:

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri S: +354 896 1455

Reykjavík 1. mars 2007

Icelandic Group hf.

Fimm ára yfirlit - rekstrarreikningur
Fjárhæðir í þúsundum evra

	2006	2005	2004	2003*	2002*
Vörusala.....	1.471.316	1.200.257	802.624	679.183	633.873
Kostnaðar verð seldra vara.....	(1.316.606)	(1.084.702)	(719.586)	(609.796)	(568.696)
Framlegð.....	154.710	115.555	83.038	69.387	65.177
Aðrar rekstrartekjur.....	10.587	4.761	5.811	3.346	6.144
Annar rekstrarkostnaður.....	(160.533)	(118.057)	(66.156)	(59.342)	(55.764)
Áhrif hlutdeildarféлага.....	700	154	(702)	(1.664)	694
Rekstrarhagnaður	5.464	2.413	21.991	11.727	16.251
Hrein fjármagnsgjöld.....	(24.005)	(21.740)	(10.449)	(3.836)	(6.068)
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt.....	(18.541)	(19.327)	11.542	7.891	10.183
Tekjuskattur.....	7.118	4.235	(4.672)	(2.119)	(2.892)
(Tap) hagnaður.....	(11.423)	(15.092)	6.870	5.802	7.291
EBITDA.....	36.946	16.222	28.941	19.250	21.690
EBITDA framlegð.....	2,5%	1,4%	3,6%	2,8%	3,4%

*Rekstrarreikningi áráanna 2002 - 2003 hefur ekki verið breytt til samræmis við IFRS

Fimm ára yfirlit - efnahagsreikningur
Fjárhæðir í þúsundum evra

	31.12.2006	31.12.2005	1.1.2005	31.12.2003*	31.12.2002*
Fastafjármunir.....	407.282	275.231	142.400	66.008	76.612
Veltufjármunir.....	499.468	415.184	279.994	229.977	202.618
Eignir Samtals.....	906.750	690.415	422.394	295.985	279.230
Eigið fé.....	176.241	116.741	35.759	52.267	53.752
Langtímaskuldir	228.182	142.837	112.860	35.935	41.401
Skammtímaskuldir.....	502.327	430.837	273.775	207.783	184.077
Eigið fé og skuldir alls.....	906.750	690.415	422.394	295.985	279.230

*Lokastöðu áráanna 2002 og 2003 hefur ekki verið breytt til samræmis við IFRS